

Samsöngur í Grundaskóla

Í Grundaskóla er lögð mikil áhersla á list- og verkgreinar. Af því tilefni er skipulagður samsöngur í öllum deildum skólans tvisvar í hverjum mánuði. Einnig efnum við til stærri atburða þar sem allir nemendur Grundaskóla safnast saman á sal skólans til að syngja saman. Í tengslum við samsöng sýna nemendur gjarnan skemmtiatriði af ýmsum toga auk þess sem þekktir tónlistarmenn hafa stundum stungið nefinu inn til að syngja með nemendum skólans.



Brekkusöngur á 20 ára afmæli Grundaskóla